

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um samgöngumál á Norðausturlandi og endurskoðun vegáætlunar.

Frá Gunnari Pálssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að ákvörðun veglínu frá Brunahvammshálsi og niður í Vopnafjörð?
2. Hvenær er þess að vænta að fjárveitingar til fyrrgreinds verks verði á vegáætlun?
3. Hvenær má vænta þess að uppbyggingu vegar milli Vopnafjarðar og Þórshafnar ljúki?